



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Pórunnartúni 6, 105 REYKJAVÍK - SÍMI 551 8150 - FAX 562 7131
NETFANG skog@skog.is - VEFFANG skog.is

Stjórnarfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn í Pórunnartúni 6, 105 Rvk, mánudaginn 23. október 2017 kl. 16:30-18:30.

(Fundur nr. 3 frá Stórutrjarnarskóla)

Mætt: Jónatan Garðarsson, Sigrún Stefánsdóttir, Guðbrandur Brynjúlfsson, Laufey Hannesdóttir, Þuríður Yngvadóttir, Páll Ingbór Kristinsson, Valgerður Auðunsdóttir, Kristinn H. Þorsteinsson og Aðalsteinn Sigurgeirsson (sem ritaði fundargerð). Auk þess komu á fundinn Hrefna Einarsdóttir, Ragnhildur Freysteinsdóttir, Einar Gunnarsson og Ólafur Oddsson.

Dagskrá fundar

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Samþykkt með breytingum, aðallega smávægilegum orðalagsbreytingum.

2. Samstarf um skógræktarfræðslu

Ólafur Oddsson mætti f.h. Skógræktarinnar til þess að kanna hug stjórnar SÍ til samstarfs við Skógræktina, Landbúnaðarháskóla Íslands og Landgræðslu ríkisins um skógarfræðslu. Talað hefur verið um að hefja á ný námskeiðið „Grænni skóga“ með breyttu sniði, þannig að námskeiðið ná ekki einungis til skógarbænda sem gert hafa samning við ríkið um bændaskóga, heldur einnig til almenns áhugafólks um skógrækt. Sameiginleg áætlun yrði gerð til fimm ára. Stefnt er að fræðslu til áhugafólks um gróðursetningu, grisjun, umhirðu, móttöku fólks o.fl. Í fyrravetur var starfandi starfshópur. Hverju námskeiði er ætlað að standa undir sér með greiðslu þátttökugjalda. Áætlað er til verði margskonar veggspjöld (fuglar, skógar, sveppir, viðarnýting, o.fl.) sem fari til allra þátttakenda. Hjá Skógræktinni er t.d. ekki

vanþörf á að bæta fræðslu til starfsmanna um móttöku, ratleiki, tálgun og annað sem hæfir fjölskyldum. Tilgangurinn er að auka almenna þátttöku almennings í skógrækt.

„Grænni skógar“ (námskeiðsröð fyrir skógarbændur) spruttu upp úr svipuðu samstarfi.

Stjórnarmenn í SÍ mæltu einum rómi að styðja samstarfið og að SÍ tæki fullan og virkan þátt í samstarfinu.

3. Sagt frá ferð SÍ til Kanada

Ragnhildur Freysteinsdóttir sýndi myndir og sagði frá nýafstaðinni ferð SÍ til Alberta og Bresku Kólombíu í V-Kanada.

4. Jólatré og undirbúningur vertíðar

Einar Gunnarsson sagði frá samráðsfundi skógræktarfélaganna sem haldinn var 6. okt. sl. Íslensk jólatré eiga undir högg að sækja um þessar mundir, vegna háls gengis krónunnar, samkeppni við „niðurgreidd“ innflutt jólatré (stórir söluaðilar sem nánast gefa trén; stunda m.ö.o. „dumping“).

Heildartekjur af sölu íslenskra jólatrjáa voru 55 m IKR á árinu 2016.

5. Yrkjusjóðurinn

Velja þarf nýjan formann Yrkjusjóðsins. Í framhaldi af því þarf að ákveða nýjar áherslur í starfsemi sjóðsins sem leitt verður af formanninum.

6. Opinn skógur -opnun í Brynjudal 16. sept.

Einar: Byrjað að undirbúa opnun í sömu viku og skógurinn var opnaður, en að vísu er mikið búið að gera í óbeinum undirbúningi á undanförunum árum og nutum við góðs af því. Hvassviðri var þennan dag og mæting eftir því. Aðeins 20 manns mættu frá Ícelandair. Samt var gott veður þegar komið var inn í Brynjudal.

KHP leggur til að haldinn verði í sumar skógardagur fyrir starfsmenn Ícelandair. Á komandi ári rennur út 3-ára samningur um samstarf vegna Opins skógar.

7. Stefnumótunarvinna

Ákveðið að láta bíða fram að næsta fundi.

8. Önnur mál

Farið var stuttlega yfir undirbúning að næsta aðalfundi SÍ á Hellu 2018.

Jónatan fór yfir stöðu mála hvað varðar „Græna stíginn“.

Samgönguráðherra var búinn að lofa að leggja í verkefnið e-r milljónir úr skúffufé ráðherra, en síðan sprakk ríkisstjórnin og nú treystir ráðherra sér ekki til að styrkja verkefnið.

Skjólskógur undir Hafnarfjalli. Ákveðið hefur að veita 1,2 m kr. til undirbúnings verkefnisins (sjá nánar:

<http://www.ruv.is/frett/hofdu-i-nogu-ad-snuast-fyrir-kosningar>).